

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6 Smiðjuvegi 14
104 Reykjavík

Reykjavík 18. júlí 2017
UST201707-177/K.L.Á.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Friðland að Fjallabaki - vegprestar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Ferðafélags Íslands dags. 17. Júlí 2017, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan Friðlands að Fjallabaki.

Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um leyfi til að setja upp vegvísa á Laugaveginum innan Friðlands að Fjallabaki sem vísar vegfarendum leið áfram til næstu staða og segir til um vegalengdir. Markmiðið með framkvæmdinni er að tryggja öryggi göngufólks á leiðinni og um leið að setja upp merkingar sem standast veðurskilyrði á leiðinni. Um er að ræða 23 vegvísa á Laugarveginum öllum, frá Landmannalaugum niður í Þórsmörk. Vegvísarnir eru gerðir úr corten stáli þar sem nafn og vegalengd er grafið í gegnum plöturnar og fest á tréstauro.

Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan Friðlands að Fjallabaki er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 5. gr. auglýsingar um friðlandið, nr. 354/1979. Um er að ræða mannvirkjagerð til að auka öryggi ferðamanna og eru þær afturkræfar. Verið er að vinna að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir hið friðlýsta svæði. Rask er ekki talið líklegt til að skerða verndargildi svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að töluvert álag er á gönguleiðinni Laugaveginum og skoða þurfi fljótlega leiðir til að stýra umferð um gönguleiðina og aðrar leiðir tengdar henni. Umferðarstýring gæti því kallað á breytingu á merkingum á gönguleiðinni og því gæti þurft að fjarlægja eða breyta þeim.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Öllu raski við niðurstetningu staura verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.
- Leyfið gildir fyrir uppsetningu vegpósta á þeim stöðum er fram koma á korti sem var meðfylgjandi umsókn umsækjanda.

Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Nú eru í gangi framkvæmdir á Laugaveginum. Hafa þarf í huga að e.t.v. þurfi að gera lagfæringar á gönguleiðinni eða færa hana frá þeirri legu sem nú er. Slíkt kann að hafa áhrif á staðsetningu vegprestanna.

Stofnunin kann að gera kröfu síðar um að vegprestar verði fjarlægðir ef gönguleið breytist eða frekari stýring á gönguleið kallar á annarskonar merkingu.

Virðingarfyllt



Kristín L. Árnadóttir
forstjóri



Hildur Vésteinsdóttir
sérfræðingur